

Jónsmessunefnd

13. maí 2026

Teams.

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Einnig voru mætt Hrafn Hlynsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þá voru mætt Ásgeir Runólfsson og Unnur Guðnadóttir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu undir 2. lið. Jafnframt sát allan fundinn Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Úttekt á fasteignum í sameign ríkis og sveitarfélaga og staða á yfirfærslu á hjúkrunarheimilum.

Hrafn Hlynsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fór yfir stöðuna. Gerð hefur verið úttekt yfir hjúkrunarheimilin og er yfirfærsla hafin og vilji til að klára sem fyrst. Lagt til að eitt af verkefnum næsta veturs verði að fara í úttekt á öðrum fasteignum í sameign ríkis og sveitarfélaga og finna leið til að gera þær fasteignir upp eftir atvikum.

2. Niðurstöður stýrihóps mennta- og barnamálaráðuneytis um sameiginlega vegferð í stafrænum málum og gagnaöflun.

Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti niðurstöður stýrihópsins. Ásgeir Runólfsson og Unnur Guðnadóttir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu tóku jafnframt þátt í umræðunni.

Ein af tillögum í skýrslunni er að settur verði á hóp aðgerðahópur um stafræn málefni barna sem ákveði forgangsörðun, skilgreinir ábyrgð og eiganda, tryggir fjármagn, samhfæingu og gæði. Mennta- og barnamálaráðuneyti og Sambandið taka málið áfram.

3. Fjármögnun á endurhönnun álagningakerfis fasteignagjalda – staðan.

Samband íslenskra sveitarfélaga lagði fram minnisblað um málið. Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Sambandið og HMS hafa verið í samtali sem heldur áfram. Ákveðið að Sambandið taki verkefnið áfram með félags- og húsnæðismálaráðuneytinu og HMS.